

SÝSLUMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Bjarnarbraut 2, 310 Borgarnes.

Alþingi

Erindi nr. Þ 121/1133

komudagur 19/3 1997

Nefndarsvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 256. mál heildarlög.

Stjórn Sýslumannafélags Íslands (S.Í.) fól Ólafi Helga Kjartanssyni, sýslumanni á Ísafirði, að fara yfir þetta mál ásamt öðrum sýslumönnum á svokölluðum "yfirlýstum snjóflóðasvæðum".

Unnið hefur verið að málinu með símtölum og bréfaskriftum og hefur það tekið lengri tíma en ætlað var í upphafi. Ákveðið var að senda samantekt Ólafs um málið og getur stjórn S. Í. og þeir sýslumenn, sem tóku þátt í þessu starfi lýst sig sammála niðurstöðu hans.

Stjórn S. Í. vill benda á að alltof oft er gengið fram hjá sýslumönnum þegar fjallað er um mál sem beint eða óbeint snerta starfsvið þeirra, þó þeir geti búið yfir þekkingu og reynslu sem gæti komið að gagni.

Meðfylgjandi er:

1. Örstutt umsögn um frumvarpið.
2. Bréf frá 13. 12. 1995
3. Úrklippa úr Mb. 2. des. 1995, vegna ummæla Veðurstofustjóra

F. h. Sýslumannafélags Íslands,
Borgarnesi, 17. mars 1997.


Stefán Skarphéðinsson.



**Umsögn um frumvarp til laga
um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum
(256. mál, þskj. 487)**

1. Almennt: Með lögum nr. 151/1995 var tekið í lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nýtt ákvæði, sem var nýlunda, að fela Veðurstofu Íslands ákvörðunarvald um rýmingu húsa í samræmi við ákveðið neyðarskipulag, samanber greinargerð er fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 151/1995.

Undirritaður hefur sett fram þá skoðun að eðlilegast sé að saman fari ábyrgð á ákvörðun og rýmingunni sjálfri.

Veðurstofa Íslands er vafalaust vel til þess fallin að annast forspárþátt varðandi snjóflóðahættu á snjóflóðahættusvæðum á Íslandi. Þar hefur verið safnað þekkingu og reynslu á visindasviðinu.

Hitt er mjög brýnt að skýr fyrirmæli séu í lögum um ákvörðun rýmingar og framkvæmd. Því fylgir að hafið sé yfir allan vafa hver fari með þetta vald.

2. Óheppilegt er að vald sé falið fleirum en einum aðila, þannig að upp kunni að koma ásakanir um að annar hvor þeirra hafi ekki gripið til rýmingar í því tilvikki að hvorugur hafi tekið ákvörðun um rýmingu.

Sú tilhögun gildi áður að forspár- eða viðvörðunarpátturinn var hjá Veðurstofu Íslands en sem fyrr segir var því breytt fyrir rúmu ári til núverandi horfs.

Í umsögn undirritaðs, sem hann sendi nefndinni er samdi frumvarp það sem nú er til umfjöllunar, kemur fram, að nýbreytni sú er greinir í 7. gr. frumvarpsins sé þörf.

En lengra ætti að ganga og skilja fullkomlega að viðvörðunarpáttinn og stjórnsýslupáttinn þ.e. ákvörðun rýmingar og framkvæmd.

Þó er það spor í rétta átt að þessi möguleiki sé skýr fyrir hendi í lögum.


Nefnd sú sem lagt er til að verði stofnuð í 8. gr. er þörf.

3. Meðan stjórnsýsla eins og sú, að ákvörðun um rýmingu skuli falin Veðurstofu Íslands ríkir er óviðeigandi að ekki komi skýrt fram í þessum lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, að almannavarnir séu alfarið á hendi eins ráðherra, þ.e. dómsmálaráðherra.

Undirritaður leyfir sér að minna á bréf til Sýslumannafélags Íslands frá 13. desember 1995. Sérstaklega er bent á 3. málsgrein bréfsins. Bréfið má að sjálfsgöðu fylgja þessari umsögn.

Undirritaður væntir þess að þessar athugasemdir komi að einhverju gagni.

Ísafirði, 26. febrúar 1997


Ólafur Helgi Kjartansson



Ísafirði, 13. desember 1995.

Sýslumannafélag Íslands,
hr. Stefán Skarphéðinsson,
formaður,
Borgarnesi.

Lagt hefur verið fram frumvarp til breytinga á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 28/1985, sbr. lög nr. 50/1995, ásamt greinargerð, samið af nefnd undir forsæti Eiríks Tómassonar prófessors.

Um frumvarpið má ræða all nokkuð, en að þessu sinni verður látið nægja að ræða eitt atriði eingöngu. Varðar það 3. gr. þess, sem ætlað er að breyta 4. gr. laganna. Vafalaust hefur verið leitað umsagnar all margra aðila, en undirrituðum er ókunnugt um að leitað hafi verið álits Sýslumannafélags Íslands, en það er samstarfsvettvangur sýslumanna, en þeir eru flestir jafnframt lögreglustjórar og "fara með yfirstjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi" samkvæmt 7. gr. laga um almannavarnir nr. 94, 29. desember 1962.

Það er skoðun undirritaðs að ekki sé rétt að færa ákvörðunarvald um rýmingu húsa úr höndum heimamanna. Þá er tekið mið af fjögurra ára reynslu undirritaðs af þessu starfi, sem tekur til árunna frá 1991 og til yfirstandandi árs, er hefur verið mjög óvenjulegt. Við lagabreytingar má hins vegar ekki miða eingöngu við það ástand.

Verði það ofan á, að sá háttur komist í lög, að Veðurstofa Íslands ákveði rýmingu húsa má velta því fyrir sér að fá öðrum aðilum en almannavarnanefnd að annast rýmingu, sem Veðurstofa myndi þá semja við. Benda má að ýmis öryggisfyrirtæki starfa í Reykjavík, í nágrenni Veðurstofu Íslands. Getu þau tekið að sér að sjá um að tilkynna íbúum að yfirgefa hús sín?

Lögreglustjóri myndi þá annast löggæslustörf eingöngu og aðrir embættismenn sem nú starfa í nefndinni gætu þá sinnt sínum hefðbundnu störfum. Frásagnir fjölmiðla af því að sveitarstjórnarmönnum sé ófært að sinna þessu starfi eru nokkuð færðar í stillinn, því engin nauðsyn er á því að kjósa þá sjálfa í almannavarnanefnd. Sá misskilningur virðist uppi að sveitarstjórnarmenn sjái sjálfir um almannavarnir. Samkvæmt lögum eru það lögreglustjóri og almannavarnanefnd, en sveitarstjórn kys 2 menn í hana.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að á fund nefndarinnar hafi komið fjölmargir þeirra sem bezt þekkja til þessa málaflokks, bæði embættismenn og sérfræðingar, "auk þess sem haldinn var sérstakur fundur með framkvæmdastjórum þeirra sveitarfélaga þar sem snjóflóðahætta er talin mest. Segja má að samstaða sé, a.m.k. í meginatriðum, meðal allra þessara aðila um þær breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir". Svo mörg voru þau orð.

Alvara málsins er þó fölginn í því að nú verður tekið upp tvöfalt kerfi í almannavörnum. Eitt skipulag gildir fyrir snjóflóð og skriðuföll sérstaklega og annað fyrir aðra

almannavá. Í öðrum löndum mun rannsóknar- og eftirlitsstofnunum vera falið það hlutverk að annast viðvörðunarpáttinn, en almannavarnanefndum ákvörðun um hættuástand og aðgerðir í framhaldinu, svo sem nú tíðkast á Íslandi.

Jafnframt er ábyrgð heimamanna á eigin lífi tekin frá þeim. Lögreglustjóra og almannavarnanefnd ber að fara eftir viðvörðun Veðurstofu Íslands verði frumvarpið að lögum. Þá skulu lögreglustjóri og almannavarnanefnd sjá um að rýma húsnæði að fyrirmælum Veðurstofunnar, en hafa enga heimild til rýmingar að eigin frumkvæði. Þess misskilnings gætti í máli Veðurstofustjóra á fundum þeim sem haldnir voru á Vestfjörðum dagana 9. og 10. desember s.l., að heimamegn gætu rýmt oftar og stærra svæði ef þeim svo sýndist. Það er skoðun undirritaðs að slíkt fyrirkomulag yrði ekki til góðs ef einhverjum kæmi til hugar að breyta frumvarpinu á þann hátt og þá í framhaldi lögunum á þann veg. Þar með væri rýming húsa orðin tvenns konar.

Hér hefur verið rakið meginsjónarmiðið, sem hefði átt að koma til skoðunar, að áliti undirritaðs, ásamt öllum öðrum áður en frumvarpið var lagt fram.

Sú spurning vaknar hvers vegna ekki var leitað álits lögreglustjóra, að minnsta kosti stjórnar-sýslumannafélagsins, eða þeirra sýslumanna sem fara með lögreglustjórn í þeim sveitarfélögum "þar sem snjóflóðahætta er talin mest"

Með hvaða hætti hyggst löggjafinn haga almannavörnum farnvegis? Fylgir meira á eftir?

Sú staða væri óneitanlega einkennileg að á stórstraumsflóði komi almannavarnanefnd saman á Ísafirði í norðan stórhrið og 12 vindstigum og rými þau hús er standa við sjávarmál, en fari svo heim til að biða fyrirmæla Veðurstofu vegna hugsanlegrar snjóflóðahættu.

Lögreglustjórar og almannavarnanefndir utan snjóflóðahættusvæða njóta enn trausts til þess að sinna sínum störfum, hinar ekki. Fróðlegt væri að vita hvað veldur.

Hér hafa verið rakin nokkur sjónarmið. Einnig mætti ræða um aðra þætti frumvarpsins, en það verður ekki gert hér. Mikilvægt er að efla rannsóknir á snjóflóðum og auka forspárgildi þeirra viðvarana sem Veðurstofa Íslands gefur út.

Undirritaður er reiðubúinn að svara spurningum, sem kunna að vakna í framhaldi þessa bréfs.

Þóráður Steinar Einarsson



afrvum

SÝSLUMAÐURINN Á ÍSAFIRÐI

Dagsetning

Tilvísun

Ísafirði, 11. desember 1996.

Símsent 16. des 1996

tel. 16:37

Forsætisráðuneytið,
b.t. Kristjáns Andra Stefánssonar.

Vísað er til bréfs yðar hinn 9. desember 1996 varðandi frumarp um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Athugasemdir munu hér verða dregnar mjög saman.

1. Dómsmálaráðherra er sá sem stýrir almannavörnum. Eðlilegast er að hann verði áfram yfirmaður almannavarna. Sjá 2. gr. frv.
 2. Almannavarnir hafa haft það hlutverk að annast gerð neyðaráætlana. Rétt þykir að svo verði áfram. Sjá 5. gr. frv.
 3. Veðurstofa Íslands hefur verið valin til þess að annast vísindalega forspá snjóflóðahættu. Engan veginn verður séð að hlutverk hennar eigi að ná lengra en sem svarar til viðvörðunarpáttar.
- Á það verður ekki fallið að yfirvöld almannavarna í héraði beri ekki ein og óskipt ábyrgð á rýmingu, bæði ákvörðun og framkvæmd, svo sem lengst af hefur verið að því er ofanflóð varðar og gildir um aðra almannavá.
4. Nýbreytni sú er kemur fram í 7. gr. er þörf.
 5. Um efni 8. gr. er sama að segja.

1/ Þórafur Steinn Kjálmann

Drög að frumvarpi um varnir gegn snjóflóðum

Veðurstofan fáir mun stærri hlutverk

Í FRUMVARPSDRÖGUM, sem nefnd sem forsætisráðherra skipaði í sumar hefur samið, er gert ráð fyrir því að Veðurstofa Íslands en ekki Almannavarnir ríkisins annist gerð hættumats vegna snjóflóða-hættu og skal byggja slíkt hættumat á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða. Jafnframt á Veðurstofan, en ekki almannavarnarnefndir, að ákveða hvenær tilgreind svæði skuli rýmd vegna yfirvofandi snjóflóða-hættu og skal þá lögreglustjóri og almannavarnarnefnd sjá um að flytja fólk brott af viðkomandi svæðum, með valdi ef þörf krefur.

Magnús Jónsson veðurstofustjóri sagðist í samtali við Morgunblaðið í gær reikna með því að frumvarpið yrði lítið þeytt að lögum innan nokkurra vikna og sagði að Veðurstofan væri þegar farin að huga að undirbúningi þess að takast á hendur það viðtæka hlutverk sem frumvarpið setlar stofnuninni.

„Veðurstofan verður ekki söm eftir þetta,“ segir Magnús. „Þetta er gríðarlega erfitt verkefni í ljósi þess hve ónákvæm vísindi er um að ræða en við föllumst á það að samanlögð þekking snjóathugunarmanna, veðurfræðinga og snjóflóðasérfræðinga hér sé sá pottur sem hægt sé að vinna úr með mestum árangri og enginn annar aðili í landinu sé betur til þess búinn.“

Magnús Jónsson sagði að veður-

stofan hefði ekki sóst sérstaklega eftir þeim auknu verkefnum sem frumvarpið gerir réð fyrir. „Hins vegar held ég að við séum ekki í aðstöðu til þess að leggjast gegn þessu. Við höfum fundið mjög sterkan vilja stjórnvalda og sveitarstjórnarmanna til að fara þessa leið og við föllumst á að það sé skásti kosturinn,“ sagði Magnús.

Magnús segir að fyrsta verkefni veðurstofunnar á þessu sviði verði að byggja upp sem fyrst þekkingargrunn til að byggja á mat á snjóflóðahættu á einstökum stöðum.

Stefnt sé að því að rýmingar- eða öryggismörk geti legið fyrir nánast um leið og lögin taka gildi þannig að stofnunin verði í stakk búin að rækja það hlutverk sitt að gefa út viðvörðun um staðbundna snjóflóða-hættu og lýsa yfir hættuástandi.

Á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar

Frumvarpið gerir ráð fyrir að slíkt svæði skuli afmörkuð á uppdráttum sem Veðurstofan sjái um að gera á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða og skuli þeir staðfestir af umhverfisráðherra og kynntir Almannavörnum ríkisins og almannavarnarnefndum.

Magnús sagði ljóst að ákvarðanir eins og að framan greinir um viðbrögð við hættu á snjóflóðum, sem almannavarnarnefndir staðanna

gegna nú, munu Veðurstofa taka í samráð við menn á hverjum stað; snjóflóðaæftirlitsmenn, sem samkvæmt frumvarpinu verða starfsmenn veðurstofu, og almannavarnarnefndarmenn. „Formlega verður slík ákvörðun hins vegar á ábyrgð Veðurstofu Íslands,“ sagði Magnús.

Hann sagði að aukinn mannafla þyrfti til að sinna þessu verkefni, ekki aðeins sérstaka snjóflóðaæftirlitsmenn á 12 stöðum á landinu, heldur þyrfti einnig að hafa umsjón með störfum þeirra og miklum tæknibúnaði sem þörf sé á.

Kröfur til veðurbjónustu

Þá felist í breytingunum auknar kröfur til veðurbjónustu stofnunarinnar sem leggja þurfi aukna áherslu á rannsóknir aftakaveðra en reynslan sýni að hættulegustu snjóflóðin falli oft í slíkum veðrum og mannafla við veðurbjónustu væri ekki miðaður við aukna sérþjónustu af því tagi.

Loks væri ætlast til að veðurstofan taki að sér gerð almenns hættumats, sem Magnús kys að kalla áhættumat. Hann sagði ljóst að notast yrði við gildandi hættumat næstu árin meðan unnin væri grunnvinna sem nauðsynlegt sé að fari fram í upphafi. Nýs almenns hættumats fyrir einstaka staði sé vart að vænta fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1997.

Mbl. 2. des. 1995 lauzard.